

Alþingi
Erindi nr. P 135/958
komudagur 17.12.2007

Reykjavík, 14. desember 2007.

Nefndasvið Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson, nefndaritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn Alcan á Íslandi hf. um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, þskj. 43 – 43. mál, 135. löggjafarþing 2007-2008.

Með vísan til bréfs yðar, dags. 27. nóvember 2007, þar sem ofangreint frumvarp var sent Alcan á Íslandi hf. [Alcan] til umsagnar, hefur Alcan falið LOGOS lögmannsþjónustu að koma á framfæri eftirfarandi umsögn. Frestur til umsagnar var í sama bréfi veittur til 14. desember 2007 og var því beint til umsagnaraðila að skila umsögnum inn á netfangið: nefnasvid@althingi.is en jafnframt senda frumrit í pósti.

Í meginráttum felst í frumvarpinu tillaga um að breyta skuli raforkulögum nr. 65/2003 í þá veru að bætt verði við nýrri málsgrein við 5. gr. laganna, þar sem auklð er við skilyrði fyrir virkjunarleyfi, þess efnis að viðkomandi leyfisumsækjandi verði að gera opinbert orkuverð og aðra samningsskilmála sem leyfisumsækjandi hafi gert við kaupendur raforku.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram það mat flutningsmanna að viðskiptalegir hagsmunir þeirra sem kaupa og selja raforku séu minni en hagsmunir þeir sem liggja til grundvallar að samningsskilmálar séu gerðir opinberir. Er í því skyni m.a. vísað til úrskurðar úrskurðanefndar um upplýsingamál í máli nr. A-234/2006.

Alcan sem umsagnaraðili um frumvarpið leyfir sér að benda á yngri úrskurð úrskurðarnefndarinnar, í máli nr. A-240/2007, þar sem álit úrskurðanefndarinnar varðandi upplýsingaskyldu, raforkuverð og viðskiptahagsmuni fyrirtækja kemur mun skýrar fram, en í tilvitnuðum úrskurði í greinargerð með frumvarpinu.

Í máli nr. A-240/2004, sem kveðinn var upp þann 14. febrúar 2007, varðaði álitafnið að hversu miklu leyti fjármálaráðuneytinu væri skylt að veita kæranda aðgang að skjölum sem tengdust úrskurði eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 14. mars 2003. Tekur úrskurðarnefndin þar til athugunar fjölmörg skjöl, bréf og önnur gögn og metur hvort þau falli undir trúnað skv. seinni málslíð 5. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. Í umræddri 5. gr. segir "Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila."

Efstaleiti 5
103 Reykjavík
5 400 300
5 400 301
42 New Broad Street
London EC2M 1JD
+44 (0) 207 920 3000
+44 (0) 207 920 3099
logos@logos.is
www.logos.is


Óþarft er að rekja úrskurðinn í löngu máli, en Alcan telur eftirfarandi tilvitnanir skýra afstöðu úrskurðanefndarinnar til þeirra álitaeftna sem taka verður til athugunar í umræðum tengdum efni frumvarpsins. Þannig segir m.a. undir lið 3.1 í úrskurðinum:

"5. Bréf Landsvirkjunar, dags. 20. febrúar 2003, til iðnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytis geymir upplýsingar um rekstur og viðskiptalega hagsmuni Landsvirkjunar varðandi miðlun og sölu raforku til álversins. Þykja þær upplýsingar að mati nefndarinnar geta varðað mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækis, sbr. síðari málslið 5. gr. upplýsingalaga."

"11. Bréf ESA, dags. 11. mars 2003 felur í sér frekari fyrirspurnir í tilefni af svörum fjármálaráðuneytisins, dags. 5. mars 2003. Spurt er nánar út í fjárfestingarsamninginn með tilliti til skattalegrar meðferðar við byggingu og rekstur álversins. Í því sambandi er í kafla 1.8 (The submitted calculations by the Icelandic authorities on the aid elements of the Investment Agreement) óskað staðfestingar á tilteknum tölulegum upplýsingum í fimm liðum. Í liðum 1 og 2 er óskað staðfestingar á upplýsingum er varða forsendur útreikninga ráðuneytisins þ. á m. tengsl raforkuverðs og áls og verð kílóvattstundar. Þó svo að svör við spurningunum séu að mestu leyti að finna á bls. 15 í ákvörðun ESA nr. 40/03 er það mat úrskurðarnefndarinnar þær upplýsingar sem óskað er staðfestingar á snerti fjárhags- og viðskiptahagsmuni þeirra fyrirtækja sem hér eiga hluta að máli og má telja líklegt að hagsmunir þeirra geti skaðast verði þær gerðar opinberar. Það er því mat nefndarinnar að framangreindar upplýsingar skuli undanþegnar skv. síðari málslið 5. gr. upplýsingalaga. Að öðru leyti eru þær upplýsingar er fram koma í bréfi stofnunarinnar ekki þess eðlis að undanþiggja beri þær aðgangi samkvæmt nefndu lagaákvæði.

12. Bréf fjármálaráðuneytisins til ESA, dags. 12. mars 2003, geymir svör ráðuneytisins við fyrirspurnum stofnunarinnar frá 11. mars 2003. Með vísan til þess sem rakið er hér á undan lítur nefndin svo á að þær upplýsingar sem fram koma í kafla 1.8 í bréfi fjármálaráðuneytisins séu þess eðlis að undanþiggja beri þær upplýsingarétti, sbr. síðari málslið 5. gr. upplýsingalaga. Með sama hætti ber að mati nefndarinnar að undanskilja upplýsingar er fram koma í 4. kafla bréfs ráðuneytisins. Skiptir að mati nefndarinnar ekki máli þó svo að þar sé um að ræða upplýsingar sem að mestu leyti er fjallað um á bls. 20-21 í ákvörðun ESA nr. 40/03, en þar eru að auki raktar tiltekna viðskiptalega forsendur Landsvirkjunar sem rétt er að mati nefndarinnar að fella undir síðari málslið 5. gr. upplýsingalaga enda megi búast við að hagsmunir fyrirtækisins geti beðið skaða ef þær verða gerðar opinberar."

Virðingarfyllt,
LOGOS lögmansþjónusta


Skarphéðinn Pétursson hdl.,
f.h. Hjördísar Halldórsdóttur hdl.